

Dalabyggð

Miðbraut 11

370 Búðardal

Efni:

Athugasemdir við breytingu á

aðalskipulagi Dalabyggðar

Reykjavík, 24. mars 2020

Hinn 11. mars síðastliðinn var auglýst í Morgunblaðinu endurskoðun aðalskipulags Dalabyggðar og frestur til að skila athugasemduum veittur til 1. apríl næstkomandi.

Meðal þess, sem endurskoðunin tekur til, er að reisa vindorkugarð í landi Sólheima, Dalabyggð. Jafnframt eru áform um að reisa vindorkugarð í landi Hróðnýjarstaða í Dalabyggð, sem er tiltölulega skammt frá Sólheimum.

Eftirfarandi athugasemdir eru ritaðar fyrir hönd eigenda jarðarinnar Hamra í Dalabyggð, sem liggur að Sólheimum.

Samkvæmt a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd nýtur votlendi sérstakrar verndar og eftir 3. mgr. sömu greinar ber að forðast að raska vistkerfum, sem talin eru upp í 1. og 2. mgr. greinarinnar, nema brýna nauðsyn beri til. Á milli Hvammsfjarðar og Hrútfjarðar eru mörg vötn og mikið votlendi, þá m. í landi Hamra. Þá eru þar alþjóðlega mikilvæg varpsvæði álfta og himbrima, en Ísland ber alþjóðlega ábyrgð á síðarnefndu tegundinni, sem mun vera á válista yfir fuglategundir í hættu.

Að mati eigenda jarðarinnar Hamra hafa viðhlítandi rök ekki verið færð fyrir því að brýna nauðsyn beri til, en það felur í sér að um þurfi að vera sérlega ríka hagsmuni, almannahagsmuni, að reisa tvö vindorkuver með stuttu millibili með tilliti til orkuþarfar í Dalabyggð. Á það er bent að gert er ráð fyrir allt að 130 MW orkuframleiðslu á Hróðnýjarstöðum og allt að 115 MW framleiðslu á Sólheimum. Samlegðaráhrif þessarar orkuframleiðslu eru því 245 MW. Fyrir þessari feyki miklu orkuframleiðslu/orkuþörf hafa að okkar mati ekki verið færð haldbær rök.

Gert er ráð fyrir að allt að 27 vindmyllur verði reistar í landi Sólheima á 3.200 hektara svæði. Um er að ræða gríðarmikil mannvirki, en ráðgert er að turnar vindmyllnanna verði á bilinu 91,5 - 105 metrar á hæð og þvermál spaða 117 - 136 metrar. Hlýtur hávaðamengun af mannvirkjunum að vera mikil á svæði þar sem mikil kyrrð ríkir, auk umtalsverðrar sjónmengunar í dal eins og Laxárdal.

Loks er á það bent að af hálfu stjórnvalda er unnið að því að móta langtímaorkustefnu fyrir Ísland og fyrr en niðurstaða af þeiri vinnu liggur fyrir verður að telja allsendis ótímabært að leggja út í jafn umfangsmiklar framkvæmdir og hér um ræðir, með þeim umhverfisáhrifum sem þeim fylgja.

Af þessum framkvæmdum hafa eigendur jarðarinnar Hamra ríkra hagsmunu að gæta, þar sem miklar líkur eru á að þær muni hafa þær afleiðingar að verðgildi jarðarinnar rýrni, auk þess sem

veruleg og óafturkræf umhverfisspjöll muni hljótast af þeim. Framangreindum breytingum á aðalskipulagi Dalabyggðar er því mótmælt.

F.h. eigenda jarðarinnar Hámra,

A handwritten signature in black ink, appearing to read "Hámra". The signature is fluid and cursive, with a horizontal line drawn through the end of the name.